

A 1908/UKK

Flytjandi Norræn vinstri græn
Afgreiðsla

Þingmannatillaga um námskrár gegn rasisma

Tillaga

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær beiti sér fyrir aðgerðum gegn rasisma

að þær vinni saman að því að innleiða aðgerðir gegn rasisma í námskrár
grunnskóla

Bakgrunnsupplýsingar

Í sögulegu samhengi hafa norrænu löndin glímt við rasisma. Það sést á upplifun frumbyggja og minnihlutahópa í gegnum tíðina. Auk þess hafa mörg norrænu landanna tekið virkan þátt í þrælaflutningum yfir Atlantshafið. Í upphafi 20. aldar var stofnaður í Svíþjóð félagsskapur um kynþáttahreinsun, Svenska sällskapet för rashygien, sem vildi líta til kynþáttahreinsunar við þróun samfélagsins. Félagsskapurinn beitti sér einnig fyrir því að koma á fót kynþáttalíffræðistofnuninni í Uppsölum. Danmörk gerði Grænland að nýlendu sinni sem hafði stórkostleg áhrif á frumbyggja Inúíta sem voru nauðfluttir og neitað um menningu sína og þar sem börn voru jafnvel ólöglega ættleidd.

Enginn getur neitað því að rasismi sé enn við lýði í nútímasafélaginu. Öfgakennt dæmi eru morðin í Úteyju og Ósló árið 2011 þar sem 77 féllu fyrir hendi nasista, margt ungt fólk. Eða morðin í grunnskólanum í Trollhättan þar sem nasisti myrti þrjá, þar af einn nemandu. Það sést í gegnum þessa glæpi, og einnig í fjölda hatursglæpa og misréttis að rasisminn er kerfislegur.

Árið 2020 var í Svíþjóð tilkynnt um 1994 hatursglæpi. Í Noregi fjölga tilkynningum um hatursglæpi, sömuleiðis í Danmörku. Í Finnlandi fækka tilkynningum en á hinn bóginn er Finnland það land þar sem þeldökkir verða fyrir hvað mestu misrétti.

Norðurlönd eru þekkt fyrir traust lýðræði og útbreitt jafnrétti. Þar hefur grunnskólinn mikilvægu hlutverki að gegna, bæði til að efla lýðræðið og vinna gegn rasisma og öðru kerfislegu misrétti. Þess vegna er mikilvægt að byggja á grunni þar sem unnið er



gegn rasisma og að kennarar fái verkfæri til slíks. Í því felst að læra um sögu rasismans, að efla siðaboð og að hafa getu til að takast á við þann rasisma sem nemendur verða fyrir á degi hverjum.

Það eru mannréttindi fá að lifa lífi án mismununar og þar þurfa Norðurlönd að taka ábyrgð. Því miður sýnir tölfræðin að svo er ekki. Þar sem norrænu löndin deila sögu og skipulagi að mörgu leyti þá felst í því notagildi að læra hvert af öðru. Vinni norrænu ríkisstjórnirnar sameiginlega að aðgerðum gegn rasisma og bæti skrefum til slíks í námsskrár landanna gæti það skilað sér í markvissari vinnubrögðum í baráttunni gegn rasisma. Norrænt samstarf gæti skipt máli og haft mikil áhrif í aðgerðum gegn rasisma.

Norðurlöndum, 16. janúar 2022

Christian Juhl (Ø)

Daniel Riazat (V)

Freddy André Øvstegård (SV)

Kathy Lie (SV)

Lorena Delgado Varas (V)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Rasmus Nordqvist (SF)

Sofia Geisler (IA)

Tobias Drevland Lund (R)

Veronika Honkasalo (VF)